



Borgarráð

Fiskiskipið Ásbjörn RE-50, forkaupsréttur

Borist hefur meðfylgjandi erindi Friðriks J. Arngrímssonar, löggilts skipasala, f.h. HB-Granda hf. þar sem Reykjavíkurborg er boðinn forkaupsréttur að Ásbirni RE-50, skipaskrárnúmer 1509, í samræmi við ákvæði laga nr. 116/2006 um stjórnun fiskveiða.

Kaupandi er fyrirtæki í Dubai, Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum, en heimahöfn Ásbjörns RE-50 er Reykjavík. Kaupverð skipsins ásamt tækjum og búnaði sem skipinu fylgir og fylgja ber er USD 450.000,-. Skipið er selt án aflahlutdeilda, sem hafa verið fluttar á nýtt skip HB-Granda hf., Engey RE-91.

Lagt er til að borgarráð falli frá forkaupsrétti sínum.

Kristbjörg Stephensen

Hjálagt:

Erindi Friðriks J. Arngrímssonar dags. 30. maí 2017

Elísabet Magnúsdóttir

Frá: Friðrik J. Arngrímsson <f@ships.is>
Sent: 30. maí 2017 14:49
Til: Borgarlögmaður
Afrit: Vilhjálmur Vilhjálmsson; Jónas Guðbjörnsson
Efni: Ásbjörn RE-50 - Forkaupsréttur Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg,
b.t. Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns,
Ráðhúsi Reykjavíkur,
Reykjavík.

borgarlogmadur@reykjavik.is

Reykjavík 30.5.2017.

HB-Grandi hf., Norðurgarði 1, Reykjavík, kt. 541185-0389 hefur samþykkt kautilboð í skip sitt Ásbjörn RE-50, skipaskrárnúmer 1509 frá fyrirtæki í Dubai, Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum.


Skipið er selt án aflahlutdeilda, sem hafa verið fluttar á nýtt skip HB-Granda hf., Engey RE-91.

Umsamið kaupverð er 450.000.00 bandaríkja dollarar og skal það greitt við afhendingu skipsins sem reiknað er með að verði í þriðju viku júnímánaðar n.k. Skipið er selt „as is – where is“.

Með vísan til 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er Reykjavíkurborg hér með boðinn forkaupsréttur að skipinu Ásbirni RE-50, skipaskrárnúmer 1509.

Virðingarfyllst,

f.h. HB-Granda hf.
Friðrik J. Arngrímsson löggiltur skipasali

 Saga skipamiðlun ehf. / Saga Shipbrokers Ltd.
Friðrik J. Arngrímsson
Löggiltur fasteigna og skipasali / Chartered Shipbroker
Ánanaust 11
101 Reykjavík
Iceland

Tel: +354 824 2310
f@ships.is - www.ships.is